
85.649
HÓTEL HOLT
Reykjavík


Reykjavík

Miðlæg stjórnsýsla

Greinargerð og fjárhagsáætlun 2027

Borgarritari
29. október 2026




BORGARSTJÓRN
BORGARRÁÐ
INNRI ENDURSKOÐUN OG RÁÐGJÖF
BORGARSTJÓRI
BORGARRITARI
BORGARLÖGMAÐUR
SKRIFSTOFA BORGARSTJÓRNAR

Hlutverk

- Miðlæg stjórnsýsla samanstendur af skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, skrifstofu borgarstjórnar, skrifstofu borgarlögmanns og Innri endurskoðun og ráðgjöf.
- Sinnir fjölbreyttum verkefnum, samhæfingu og eftirliti innan stjórnsýslu Reykjavíkurborgar og fylgir eftir stefnumörkun og ákvörðunum borgarstjórnar og borgarráðs og greiðir fyrir lýðræðislegum stjórnarháttum bæði inn á við og út á við.
- Þjónustar borgarstjóra, fer með alla umsýslu fyrir borgarstjórn, borgarráð og forsætisnefnd, fer með fyrirsvar um lögfræðileg málefni, veitir stjórnendum óháða rágjöf, sér um ytri miðlun og samskipti og metur og gerir ýmsar úttektir.
- Sinnir samskiptum við B-hluta fyrirtæki og byggðasamlög.



Helstu verkefni 2027



SKRIFSTOFA BORGARSTJÓRA OG BORGARRITARA

Veitir borgarstjóra og borgarritara faglega þjónustu og stuðning við störf þeirra

- Í ljósi breytinganna verða megináherslur og forsendur í fjárhagsáætlun skrifstofu borgarstjóra og borgarritara 2027 að þróa áfram starfsemi skrifstofunnar.
- Ber ábyrgð á að þjónusta borgarstjóra sem framkvæmdastjóra, æðsta yfirmann Reykjavíkurborgar og sem opinberan fulltrúa borgarinnar
- Ber ábyrgð á undirbúningi og eftirfylgni mála sem fara fyrir borgarráð og önnur fagráð Reykjavíkurborgar ásamt því að samhæfa verkefni sem ná þvert á svið og starfseiningar borgarinnar
- Leiðir og styður við framgang stefnumótandi verkefna og áherslumála borgarstjóra á sviðum stjórnsýsluþróunar, stefnumótunar, alþjóðamála og annarra málaflokka sem henni eru falin
- Sinnir verkefnastjórnun og stuðlar að samræmdri framkvæmd verkefna innan stjórnsýslunnar
- Ber ábyrgð á miðlun upplýsinga um starfsemi borgarinnar, stafrænum samskiptum, markaðssetningu og samfélagsmiðlun
- Ber ábyrgð á utanumhaldi um neyðarstjórn og gerð viðbragðsáætlana
- Samskipti við B-hlutafélög

BORGARLÖGMAÐUR

Í fyrirsvari fyrir Reykjavíkurborg og stofnanir hennar um lögfræðileg málefni

- **Dómstólar:** Mikil aukning hefur orðið á hefðbundnum einkamálum milli ára, sér í lagi á sviði fasteignaréttar, skipulagsréttar og velferðarþjónustu (málaflokkur fatlaðs fólks). Áfram er búist við mikilli vinnu við málflutning en borgarlögmaður annast einnig fyrirsvar og rekstur barnaverndarmála og lögræðismála sem eru flýtimeðferðarmál.
- **Lögfræðileg ráðgjöf og stjórnsýslumál:** Umfangsmikill þáttur í starfsemi embættis borgarlögmanns er lögfræðileg ráðgjöf til borgarstjórnar, borgarráðs, innkaupa- og framkvæmdaráðs, borgarstjóra og annarra innan stjórnkerfis og stofnana Reykjavíkurborgar, svörun stjórnsýsluerinda, skjalagerð og samningsgerð.
- **Skaðabætur og kjarasamningsbundnar slysatryggingar:** Að jafnaði eru árlega til meðferðar á annað hundrað slysabótamála og skaðabótamála á grundvelli kjarasamninga Reykjavíkurborgar. Þá hefur borgarlögmaður fyrirsvar í skaðabótamálum og veitir umsagnir vegna krafna sem gerðar eru í ábyrgðartryggingu Reykjavíkurborgar hjá vátryggingarfélagi.

SKRIFSTOFA BORGARSTJÓRNAR

Fer með alla umsýslu fyrir borgarstjórn, borgarráð og forsætisnefnd, sem og ýmsar aðrar nefndir. Heldur utan um og ber ábyrgð á þjónustu við borgarfulltrúa og aðra kjörna fulltrúa í nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar

- Gert er ráð fyrir sambærilegum fjölda mála sem afgreidd eru í borgarráði og borgarstjórn.
- Eitt helsta verkefnið er að bæta aðgengi kjörinna fulltrúa og almennings að upplýsingum af vettvangi nefnda og ráða, sérstaklega á vef Reykjavíkurborgar
- Haldið verður áfram að bæta rafrænt aðgengi að fundargögnum og fundargerðum borgarstjórnar, borgarráðs og fagráða
- Gert er ráð fyrir langþráðum breytingum á sal borgarstjórnar, uppsetningu á nýjum skjá, innleiðingu á „Lóunni“, rafrænu fundar- og atkvæðagreiðslukerfi borgarstjórnar og uppfærslu á ýmsum atriðum sem tengjast upptökum, útsendingum og streymi á fundum borgarstjórnar, verði lokið
- Áfram verður unnið að vistun á upptökum borgarstjórnarfunda á vef Reykjavíkurborgar og verður áhersla lögð á að bæta rauntímatextun og leitarmöguleika í umræðum og fundargerðum ásamt öðrum endurbótum á síðu borgarstjórnar í beinni

INNRI ENDURSKOÐUN OG RÁÐGJÖF

Fjármála- og stjórnsýslueftirlit í umboði borgarráðs. Ábyrgð á innri endurskoðun innan A hluta og samstæðu Reykjavíkurborgar.

- Veitir stjórnendum faglega og óháða ráðgjöf, metur og gerir úttektir á virkni áhættustýringar, innra eftirlits og stjórnarhátta með það að markmiði að bæta rekstur og stjórnsýslu
- Innri endurskoðunaráætlanir eru lagðar fyrir endurskoðunarnefnd til afgreiðslu
- Sinnir innri endurskoðun hjá A hluta Reykjavíkurborgar, Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins bs., Orkuveitu Reykjavíkur sef. og dótturfélögunum Carbfix, Veitum, ON og Ljósleiðara, Félagsbústöðum hf., Faxaflóahöfnum sf. og Malbikunarstöðinni Höfða hf. Eftirlit með gæðum innri endurskoðunar hjá SORPU bs. og Strætó bs
- Helstu verkefni eru staðfestingarúttektir, eftirfylgni með samþykktum úrbótum, ráðgjöf til stjórnenda og stjórna, stjórnsýsluúttektir að beiðni borgarstjórnar eða borgarráðs, rekstur uppljóstrunargáttar Reykjavíkurborgar og meðferð tilkynninga sem berast á grundvelli laga nr. 40/2020 um vernd uppljóstrara. Jafnframt sinnir skrifstofan umsýslu og faglegum stuðningi við endurskoðunarnefnd
- Forgangsröðun verkefna byggist á mati á áhættu í starfsemi borgarinnar og fyrirtækja hennar
- Tekur á móti málum í gegnum vefgátt með vísan til laga um vernd uppljóstrara

Fjárhags-áætlun 2027




Fjárhagsáætlun 2027

	Raun 2025	Esk. áætlun 2026	Áætlun 2027
Rekstrartekjur	157.135	77.807	7.250
Laun og launatengd gjöld	1.898.586	2.015.940	1.617.758
Annar kostnaður	493.966	632.566	363.774
Rekstrargjöld samtals	2.392.551	2.648.506	1.981.532
Rekstrarniðurstaða	**2.235.416**	**2.570.699**	**1.974.282**

Skipting rekstrar 2027

Skipting rekstrar		Rammar
Borgarlögmaður	12%	227.885
Innri endurskoðun og ráðgjöf	11%	223.486
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara	29%	569.199
Skrifstofa borgarstjórnar	48%	953.712
	Samtals:	**1.974.282**



Starfsfólk - Stöðugildi

	Raun 2025	Esk. áætlun 2026	Áætlun 2027
Fjöldi starfsmanna	73	70	46
Fjöldi stöðugilda	63	69,3	45,4
Eftir skrifstofum/ þjónustuþáttum:			
Borgarlögmaður	8,3	10,2	10
Innri endurskoðun og ráðgjöf	8,1	10,4	8
Skrifstofa borgarstjórnar (SBS)	7	7	8,4
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara (SBB)	19,1	19,9	19
*Mannréttindaskrifstofa **	*9,7*	*7*	*0*
*Skrifstofa samskipta og viðburða **	*10,8*	*14,8*	*0*

*Mannréttindaskrifstofa og skrifstofa samskipta og viðburða voru lagðar niður árið 2026

Skipulagsbreytingar – hagræðing SBB

Hagræðing á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara	Tekjur	Laun	Innri leiga	Annar rekstrark.	Fjárheimild
MAR/UPPGJÖR, Þjónusta við innflytjenduR, kostn.st. 09512, fjármagn fært úr ramma		-19.623		-6.135	**-25.758**
MAR/UPPGJÖR - Mannréttindaskrifstofa, Kostn.st.lagður niður (01271 afgangur færður úr ramma)		**-55.297**	**0**	**-45.166**	**-100.463**
SSV/UPPGJÖR, Skrifstofa samskipta, kostn.st. 01288, lögð niður og afgangur ramma færður úr ramma		-130.010	0	-59.437	**-189.447**
SBB/UPPGJÖR, Rannsóknarþjónusta, kostn.st. 01297, starfsemi lögð niður og fjármagn fært úr ramma	3.707	-18.535	0	-540	**-15.368**
SBB/UPPGJÖR, nettó rekstrarfjármagn til SBB		**-30.569**	**0**	**40.000**	**9.431**
Samtals hagræðing					**-321.605**
Hagræðing, fjárheimildum skilað					**0**
Hagræðingakröfu FAS bakkað (er hluti af 333 mkr.)		68.860			**68.860**

Skipulagsbreytingar – fjármagn fært á milli skrifstofa/sviða

Skipulagsbreytingar - fjármagn fært til sviða	Tekjur	Laun	Innri leiga	Annar rekstrark.	Fjárheimild
Skipulagsbreytingar - Aðgerðir gegn heimilisofbeldi 09526 kostn. MAR-VEL		-55.000		-520	**-55.520**
MAR/VEL, Bjarkarhlíð innri leiga, kostn.st. 09527, rammi færður til VEL			-11.379		**-11.379**
MAR/VEL, stg. 60% færist af kostnst. 01271, til VEL +5% stm. kostn.		-8.178		-409	**-8.587**
MAR/SFS, 1 stg. 100% +5% stm. kostn. _01271 _ MAR-SFS		**-13.876**		**-694**	**-14.570**
SSV/MÍR, Auglýsingar, kostn.st. 09518, rammi færist til MÍR				-1.529	**-1.529**
SBB/USK kostn. 09516, Þróun og nýsköpun til USK				**-4.571**	**-4.571**
SSV/MÍR. Skrifstofa samskipta, kostn.st. 01288, verkefnin Miðborgarmál (20,7 m.kr.) og Meet in Reykjavík (40 m.kr.) færast til MÍR				-60.700	**-60.700**
SSV/MÍR, Skrifstofa samskipta, kostn.st. 01288,Samningur við Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins, 61,3 m.kr. fjármagn færist til MÍR				-61.300	**-61.300**
SSV/MÍR, Skrifstofa viðburða, kostn.st. 01289, rammi færist til MÍR, að undanskildum tveimur verkefnum 8,575 mkr.	16.700	-51.589		-61.838	**-96.727**
SBB/USK, 1 stg. persónuverndarfulltrúa á 01100, færist +5% stm.kostn.		-18.892		-945	**-19.837**
Samtals fjármagn fært á milli sviða					**-334.720**

Reykjavík

Takk fyrir